158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 466 — 357. mál.

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um atvinnutengingu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs.

Frá Nönnu Margréti Gunnlaugsdóttur.

1. Hversu margir lögaðilar réðu starfsfólk í gegnum atvinnutengingu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs á ári hverju tímabilið 2020–2026? Svar óskast sundurliðað eftir rekstrarformi lögaðila.
2. Hversu margir skjólstæðingar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs fengu ráðningu í gegnum atvinnutengingu VIRK ár hvert á sama tímabili? Svar óskast sundurliðað eftir starfshlutfalli, kyni og fæðingarlandi ráðinna.

Skriflegt svar óskast.